



## Fundur í byggingar- og skipulagsnefnd Fljótsdalshrepps í Végarði 31. maí 2024 kl. 16:30.

Fundarmenn: Lárus Heiðarsson formaður, Eiríkur J. Kjerúlf, Helga Eyjólfsdóttir og Sveinn Þórarinsson, byggingarfulltrúi.

### 1. Aðalskipulagsbreyting. Umsagnir og athugasemdir.

Umsagna- og athugasemdafrestur rann út 30. apríl síðastliðinn. Eftirtaldir fimm aðilar sendu umsagnir: Skipulagsstofnun, Minjastofnun, Múlaþing, SSA (Samband sveitarfélaga á Austurlandi) og Vegagerðin. Nefndarmenn hafa kynnt sér efni umsagna og athugasemda. Fyrst og fremst þarf að bregðast við umsögn Skipulagsstofnunar. Byggingar- og skipulagsnefnd felur byggingar- og skipulagsfulltrúa að svara framkomnum athugasemdum.

### 2. Viðbrögð skipulagshönnuðar við umsögnum og athugasemdum.

Lagt fram skjal frá Óskari Erni Gunnarssyni hjá Landmótun sf. um viðbrögð við umsögnum og athugasemdum sem bárust vegna aðalskipulagsbreytingarnar. Byggingar- og skipulagsnefnd tekur undir og samþykkir fyrir sitt leyti þau viðbrögð og efnistöð sem fram koma í skjalinu og felur byggingar- og skipulagsfulltrúa að undirbúa umsögn til sveitarstjórnar sem senda ber til Skipulagsstofnunar og einnig að útbúa og senda svör til þeirra aðila sem sendu inn umsagnir og athugasemdir við breytingu á aðalskipulaginu sbr. 32. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

### 3. Matarvagn við Hengifossá.

Ann-Marie Schlutz sækir um stöðuleyfi fyrir matarvagn norðan Hengifossár í landi Hjarðarbóls fyrir hönd Sauðagulls ehf. kt. 650219-1980 fyrir tímabilið 29. maí 2024 til 31. maí 2025. Byggingar- og skipulagsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti að veita umbeðið stöðuleyfi.

### 4. Deiliskipulag fyrir atvinnusvæði á Valþjófsstaðamelum austan Végarðs.

Umsagna- og athugasemdafrestur rann út 30. apríl síðastliðinn. Umsagnir bárust frá Vegagerðinni, Minjastofnun og Múlaþingi. Byggingar- og skipulagsnefnd felur byggingar- og skipulagsfulltrúa að undirbúa umsögn til sveitarstjórnar sem senda ber til Skipulagsstofnunar og einnig að útbúa og senda svör til þeirra aðila sem sendu umsagnir vegna deiliskipulags fyrir atvinnusvæði á Valþjófsstaðamelum austan Végarðs sbr. 32. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 17:30.

Sign: Lárus Heiðarsson, Eiríkur J. Kjerúlf, Helga Eyjólfsdóttir

Fundarritari: Sveinn Þórarinsson